

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Nefndaritari
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2005
2005020018/42-4
SB/ph

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Breytingin felst fyrst og fremst í heimild til ráðherra til að takmarka veiðar við tiltekna daga og tíma dags á veiðitíma (2. gr.) og til að banna sölu á tilteknum fuglum og afurðum þeirra (3. gr.).

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framkomið frumvarp og telur það styrkja möguleika ráðherra til að stýra veiði á villtum dýrum og tryggja sjálfbærni þeirra. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þó ekki þörf á og andstætt varúðarreglunni að takmarka þessar heimildir ráðherra með orðalaginu „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka“ í 2. gr. og „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils“ í 3. gr. Stofnunin leggur til að þessi texti verði felldur út úr frumvarpinu en til vara að í stað „enda sé talin...“ komi „enda sé það mat Náttúrufræðistofnunar...“ þannig að ekki risi deilur um hver sé réttmætur aðili til að meta ástand og veiðiþol stofna.

Náttúrufræðistofnun hefur áður (bréf til umhverfisnefndar dags. 4. febrúar 2003) lýst þeirri skoðun að sölubann þurfi að ná til innfluttra dýra sömu tegundar enda sé, svo dæmi sé nefnt, erfiðleikum háð að þekkja í sundur íslenskar og grænlenstar rjúpur og því möguleiki að smygla íslenskum rjúpum inn á markað á þeim forsendum. Náttúrufræðistofnun getur þó til reynslu fallist á það fyrirkomulag sem lýst er í frumvarpinu. Tryggja þarf að reglum um upprunavottorð og þökkun á innfluttri villibrað sé framfylgt. Í því sambandi hvetur Náttúrufræðistofnun til þess að reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra sem kveðið er á um í 7. gr. núgildandi laga verði sett sem fyrst og áður en rjúpnaveiði hefst á nýjan leik.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS